



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

Austurstræti 8-12
Umhverfisnefnd Alþingis
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 140/1408
komudagur 2.3.2012

Reykjavík, 2. mars 2012
Tilvísun: 2012030007

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á iögum nr. um varnir gegn mengun hafs og stranda þjsk. 451, mál nr. 375

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. um varnir gegn mengun hafs og stranda þjsk. 451, mál nr. 375. Að mati HER hefur ekki verið hugað nægjanlega vel að því að gæta samræmis við önnur lög lagafrumvörp og reglugerðir við gerð þessa frumvarps t.d. hvað varðar 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

3. gr. frv.: Hér segir m.a.: "Hafnasamband Íslands skal tilnefna þrjá fulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa sem skal vera heilbrigðisfulltrúi. Þeir sem tilnefna fulltrúa í mengunarvarnarráð skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í ráðinu." HER leggur til að við fyrri setninguna verði bætt, *starfandi* heilbrigðisfulltrúi. Einnig leggir HER til að lokamálsliður 1. mgr. 3. gr. hljóði: "Kostnaður við starfsemi mengunarvarnarráðs greiðist úr ríkissjóði."

4. og 5. gr. frv.:


Að mati HER er mikilvægt að hér sé samræmi við ákvæði annarra laga reglugerða er varða mengunarvarnir og umhverfisábyrgð. Hér vantar alveg að nefna tilkynningarskyldu til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. HER minnir á að heilbrigðiseftirlitin vinna daglega fyrirbyggjandi vinnu til að stuðla að verndun umhverfisins og koma í veg fyrir tjón með rannsóknunum, eftirliti, úrbótakröfum og eftirfylgni. Mengunaróhöpp á landi skal tilkynna til viðkomandi slökkviliðs í samræmi við lög um brunavarnir. Við slík óhöpp eru heilbrigðiseftirlitin viðbragðsaðilar og beita kröfum og þvingunarúræðum sbr. hlutverk þeirra sem skilgreint er í lögum og reglugerðum.

Í 5 gr. lið b. segir m.a.: "Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eða öðrum aðilum í umboði stofnunarinnar umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar." Ekki kemur fram hvort að í slíku framsali felist vald til að beita þvingunarúræðum.

6. gr. frv.:

Að mati HER þarf að bæta við í a. 2. mgr. og að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og ráðgjafaraðila.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Kristín L. Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Umhverfis- og samgöngusvið hefur
vottað umhverfisstjórnunarkerfi í
samræmi við staðalinn ISO 14001

Borgartún 12 - 14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Fax 411 8505
www.umhverfissvid.is